
Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálendi Íslands



BIRNA LÁRUSDÓTTIR RITSTJÓRI
RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFAÐÓTTIR HÖFUNÐUR

FS736-16171

Reykjavík 2019

Fornleifastofnun Íslands

NÁTTÚRUVERNDARSÍÐUR
PÁLMA JÓNSSONAR
STOFNANDA HAGKAUPS



Rammaáætlun



Forsíðumyndin er af Gamla Bóli við Álftavatn á Rangárvallafrétti. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© 2019

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	4
1. Inngangur	7
2. Miðhálandið	11
3. Gróðurfar á miðhálandinu	15
4. Kortasaga miðhálandisins	17
5. Saga fornleifarannsókna á miðhálandinu	20
6. Gagnaöflun	27
7. Rannsóknin	33
8. Niðurstöður	50
Heimildir	53
Viðauki I: Heimildir sem notaðar voru við gagnaöflun og úrvinnslu	60
Viðauki II: Skrá yfir hnitsetta minjastaði	63

Samantekt

Hér eru birtar niðurstöður verkefnis sem miðar að því að varpa ljósi á menningarsögulegt gildi landslags á miðhálandi Íslands. Í fyrri hluta verkefnisins var gögnum um hnittsetta minjastaði á miðhálandinu safnað saman í landfræðilegt upplýsingakerfi (LUK) og þau samræmd eins og hægt var. Í seinni hluta verkefnisins var gerð tilraun með áframhaldandi þróun aðferða til að leggja mat á gildi menningarsögulegra þátta í landslagi miðhálandisins.

Í allt var safnað saman heimildum um tæplega 1050 minjastaði á miðhálandinu, flestir þeirra hafa verið skráðir vegna yfirvofandi framkvæmda. Ekki var hægt að leggja mat á minjar á miðhálandinu í heild sinni vegna skorts á grunnrannsóknnum. Ákveðið var að horfa til tveggja afmarkaðra svæða þegar kom að flokkun landslags til að leita svara, annars vegar efri hluta Hvítársíðu og hins vegar tveggja afrétta í Rangárvallasýslu.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að verðmæti minja á miðhálandinu eru ekki síst sérstaða þeirra, þær eru frábrugnar minjum á láglandari svæðum. Þarna eru minjar um jaðarbyggð, göngur og fjallskil, samgöngur og útilegumenn. Það er ljóst að ýmis umsvif hafa líklega verið á miðhálandinu allt frá upphafi byggðar og nýlegar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að miðhálandið, a.m.k. hlutar þess hafa verið nýttir allt frá 10. öld.

Greining líkt og hér var gerð veitir mun betri yfirsýn yfir heildir og menningarsöguleg einkenni landslags og gefur ítarlegri mynd en fljótandi punktar á korti. Það er hægt að skoða minjar í samhengi við landslagið og með þessum gögnum ætti að vera hægt að rökstyðja bæði mat á verðmætum svæða og heildaráhrifum vegna ýmiskonar framkvæmda.

Summary

This report contains the results of a project which aims to highlight the cultural and historical value of the landscape of the central highlands in Iceland. The project approach was two-fold. Firstly, all available coordinate data for the central highlands were collected and processed in a geographical information system (GIS). Secondly, work continued in developing methods which can be used to characterise the historic landscape of the central highlands.

In all coordinate data were collection for just under 1050 sites, mostly sites recorded due to development work. The scarcity of the data collected to date meant that an overall assessment of the archaeology of the central highlands could not be carried out at this stage. It was therefore

decided to focus on two areas for the landscape characterisation, the upper part of Hvítársíða, and two commons in Rangárvallasýsla. The results of this study indicates that the main value of the archaeology of the central highlands is that they tend to be specialised sites, with their function linked to their inland location, associated with for example marginal settlements, sheep-herding, routes and outlaws.

It is also clear that at least parts the central highlands have been used from very early on, at least the 10th century. The type of assessment that was carried out for this project gives a much better oversight over archaeological units and the historic character of a landscape than offered by points on a map. Sites can be studied in relation to the landscape, and so these data can be used to justify the assessment of the value of different areas as well as the overall affect of any development in the central highlands.

1. Inngangur



Kerling á Landmannaafrétti. ©Fornleifastofnun Íslands

Miðhálandi Íslands hefur verið í brennidepli í vaxandi mæli síðustu mánuði og ár, ekki síst vegna umræðu um verðmæti, verndun og nýtingu. Verðmæti miðhálandisins sem hvað oftast heyrst talað um eru margbrotin náttúrufyrirbæri á borð við fossa, jökla, hraun og sandauðnir. Menningarsöguleg verðmæti er sjaldnar rætt um beinlínis, þótt ljóst sé að þau eru umtalsverð. Með því er hér fyrst og fremst átt við menningarminjar á borð við fornleifar en einnig örnefni og sögur af ýmsu tagi, sem oft tengjast kennileitum - bæði náttúrulegum og manngerðum.


Hér eru birtar niðurstöður verkefnis sem miðar að því að varpa ljósi á menningarsögulegt gildi landslags á miðhálandi Íslands. Verkefnið spratt út frá vinnu faghóps 1 við 3. áfanga Rammaáætlunar, en þar kom berlega í ljós hversu mikið skortir á upplýsingar um minjar á miðhálandinu. Þar af leiðandi er erfitt að leggja mat á verðmæti tiltekinna svæða og sömuleiðis á áhrif mögulegra virkjanaframkvæmda á þau en bæði atriðin eru viðfangsefni sérfræðinga í

faghópum. Vitað var að talsverðum upplýsingum hafði verið safnað á undanförunum 20 árum um minjar á afmörkuðum svæðum, m.a. við aðalskráningu fornleifa innan tiltekinna sveitarfélaga eða vegna úttekta fyrir væntanlegar framkvæmdir á borð við vegagerð eða virkjanaframkvæmdir. Sömuleiðis var ljóst að gögnin væru af ólíkum gæðum, lögju hjá ýmsum skráningaraðilum og ekki hafði verið horft á þau heildstætt áður.

Fyrra markmið þessa verkefnis var að safna gögnum um hnitsetta minjastaði á miðhálandinu saman í landfræðilegt upplýsingakerfi (LUK), leggja mat á þau og samræma eins og hægt var. Síðara markmiðið var að halda áfram að þróa aðferðir til að leggja mat á gildi menningarsögulegra þátta í landslagi miðhálandisins. Hér var byggt á grunni sem lagður var í rannsóknarvinnu fyrir 3. áfanga Rammaáætlunar, en þar var gerð tilraun með að horfa heildstætt

á menningarlandslag fremur en að meta einungis minjarnar sjálfar með 15 m radíus, eins og lagt er upp með í lögum um menningarminjar. Áhrifasvæði virkjana á Reykjanesi var kannað í þessari frumathugun, það skoðað í samhengi við skráðar minjar utan og innan svæðisins og í framhaldinu var lagt mat á menningarsöguleg einkenni innan áhrifasvæðisins með því að horfa heildstætt á minjaflokka og náttúrulegt landslag í samhengi.¹

Grunnurinn að þessu verkefni er skýrsla um menningarminjar á miðhálandi Íslands sem kom út árið 1996 í tengslum við svæðisskipulag miðhálandisins.² Þar eru teknar saman ritheimildir um minjastaði á miðhálandinu en einnig gerð söguleg úttekt á ýmsum þáttum á svæðinu, t.d. á hálandisbyggð, leiðum og nytjum. Ýmiss konar heimildir voru nýttar við þessa vinnu: fornrit, jarðabækur, landamerkjalyásingar, gömul kort, örnefnaskrár, ferðasögur og margt fleira. Alls var safnað upplýsingum um tæplega 1200 minjastaði í þessari vinnu. Auk þess að telja upp minjastaði og vísa í heimildir var í skýrslunni lagður traustur grunnur að samhengishugsun, til dæmis voru miðhálandismörk skilgreind út frá menningarsögulegum forsendum, gerð grein fyrir áhrifum landslags og gróðurfars á ferðir manna, eignarhaldi og afréttarmörkum gerð skil - allt til þess að átta sig betur á samhengi minja við umhverfi, landslag og byggðina niðri á láglandinu. Engar vettvangsrannsóknir voru gerðar í þessu samhengi en valdir staðir voru



Hluti af korti sem fylgdi svæðisskipulagi miðhálandisins 1999 og 2015. Minjastaðir sem valdir voru af handahófi án vettvangsrannsókna sjást sem rauðir punktar. (Einar E. Sæmundsen, 2015.)

1 Birna Lárusdóttir, Edda R.H. Waage, o.fl. 2016, bls. 25-40.
 2 Orri Vésteinsson, 1996.

merktir gróflega inn á kort sem fylgdi svæðisskipulagi miðhálandisins.³

Afmörkun rannsóknarsvæðis

Stærstur hluti Íslands er óbyggilegur með öllu og hefur m.a. verið nefndur miðhálandi, hálandi og jafnvel óbyggðir. Það hefur verið talið að allt að 75% landsins tilheyri hálandinu í einhverjum skilgreiningum.⁴ Það er hins vegar misjafnt hvað átt er við með hugtökunum, enda er ekki samræmi í notkun þeirra í almennri orðræðu.⁵ Þetta sést til að mynda vel á heimasíðunni www.halendid.is. Þar er talað um miðhálandið og á korti neðar á sömu síðu er fyrirsögnin „Hálandið“.⁶ Í íslenskri orðabók er miðhálandi skilgreint svo: „Hálandið um miðbik Íslands (austan Langjökuls, norðan Mýrdalsjökuls, sunnan/suðvestan Mývatns).“⁷ Í þessu verkefni verður notast við hugtakið *miðhálandi*, enda er orðið hálandi almennara og getur átt við mun stærra svæði en miðhálandið, til að mynda Tröllaskaga og svæði á Vestfjörðum. Ekki verður fengist við þau svæði hér þótt þau væru allrar athygli verð.



Afmörkun miðhálandisins er sýnd með svartri línu. ©Landmælingar Íslands.

3 Orri Vésteinsson. 1996; Einar E. Sæmundsen o.fl. 2015.

4 Freysteinn Sigurðsson. 2012. Sjá: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=59622>

5 Rannveig Ólafsdóttir o.fl., 2016.

6 Sjá: <http://halendid.is/#viljayfirlýsing>

7 Íslensk orðabók, 2002: 543

Þegar talað er um miðhálandið er í sumum tilvikum miðað við tiltekna hæð yfir sjó (oftast 200, 300 eða 400 my.s.), í öðrum skilgreiningum er miðað við byggðamörk og í enn öðrum tilvikum við svokallaða „hálandisbrún“ sem er víða um land.⁸ Í þessu verkefni verður í meginatriðum stuðst við Landsskipulagsstefnu þegar kemur að afmörkun miðhálandisins og þá um leið rannsóknarsvæðisins. Þó verður vikið að því sem nefnd hafa verið menningarsöguleg hálandismörk (sjá 2. kafli). Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands, sem staðfest var 1999, studdist við ákveðna miðhálandislínu, en afmörkun hennar byggði á bráðabirgðaákvæði laga nr. 73/1993. Í því segir að miðhálandið skuli í aðalatriðum markast „af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta.“⁹ Í Landsskipulagsstefnu 2015-2016 var afmörkunin felld úr gildi og ný afmörkun skilgreind í greinargerð sem fylgdi tillögu til þingsályktunar (Þingskjal 101/101). Þar segir m.a.: „Í landsskipulagsstefnu er stefna um skipulagsmál á miðhálandinu miðuð við afmörkun miðhálandisins eins og hún er skilgreind í Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015“.¹⁰ Þetta svæði er talið vera um 40% af flatarmáli landsins, að mestu óbyggt frá landnámi og minna mótað af mannavöldum en láglandari svæði.

Fyrri hluti verksins sem hér er kynntur hlaut styrk úr Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar í Hagkaup en Rammaáætlun studdi við vinnslu síðari hlutans. Birna Lárusdóttir ýtti verkinu úr vör og hafði með því yfirumsjón en Ragnheiður Gló Gylfadóttir sá um framkvæmd þess, söfnun gagna, kortagerð og skýrsluskrif. David Ostman aðstoðaði við vinnslu landupplýsinga og Þorvarður Árnason hefur stutt við verkefnið með ráðum og dád frá upphafi til enda.

Skýrslan samanstendur af átta köflum. Í kafla tvö er sjónum beint að miðhálandinu og viðhorfum til þess gegnum tíðina. Kaflinn er að mestu byggður á umfjöllun Orra Vésteinssonar frá 1996. Í þriðja kafla er farið yfir gróðursögu miðhálandisins og í þeim fjórða er yfirlit yfir kortasögu miðhálandisins. Sá kafla byggir aftur á skýrslu Orra frá 1996. Í fimmta kafla verður farið yfir sögu fornleifarannsókna á hálandinu, í þeim sjötta er farið yfir aðferðafræði þessa verkefnis og í þeim sjöunda er gerð grein fyrir rannsókninni sjálfri og niðurstöðurnar settar fram í texta og kortum. Í kafla átta eru niðurstöður verkefnisins kynntar. Aftast eru síðan heimildaskrár.

Eftirtöldum aðilum eru færðar þakkir fyrir gagnaöflun: Garðar Guðmundsson, Gísli Pálsson, Oddgeir Hansson, Uggi Ævarsson, Sigurður Bergssteinsson, Bryndís Zoëga, Bjarni F. Einarsson og Rúnar Leifsson.

8 Freysteinn Sigurðsson. 2012. Sjá: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=59622>

9 Einar E. Sæmundsen. 2015.

10 Landsskipulagsstefna. 2015.



Fjallið Brattháls speglast í Álfavatni, á afrétti Rangvellinga. ©Fornleifastofnun Íslands.

2. Miðhálandið

Eins og vikið var að í inngangi er ekki hlaupið að því að skilgreina mörk miðhálandisins. Hér er stuðst við afmörkun landsskipulagsstefnu en eins og Orri Vésteinsson hefur bent á henta þessi fyrirfram ákveðnu mörk miðhálandisins ekki fyrir skráningu á minjum og landslagi. Línan liggur til að mynda þvert yfir minjasvæði og slítur heildir í sundur á mörgum stöðum. Í vinnu sinni skilgreindi Orri miðhálandið sem allt land ofan við stöðuga byggð, þ.e. bæi sem voru stöðugri byggð bæði á 18. öld og fyrri hluta 20. aldar. Skilgreining hans er umfangsmeiri en núverandi afmörkun og hentar betur til þess að leggja drög að flokkun miðhálandisins. Eins og staða þekkingar og rannsókna á minjum á miðhálandinu og jaðri þess er var ekki lagt í stækkun rannsóknarsvæðisins í þessari rannsókn, mun ítarlegri grunnrannsóknir vantar áður en það verður hægt.¹¹ Það er ljóst að stækun svæðisins gæti t.d. gefið heildstæðari mynd af eyðibygðasvæðum, nýtingu jaðarsvæða og tengsl niður á láglandari svæði. Í skýrslu Orra Vésteinssonar frá 1996 er jafnframt gerð grein fyrir megindráttum í landslagi miðhálandisins og nytjum því tengdu. Kaflinn hér á eftir byggir aðallega á umfjöllun hans en þar sem best hefur við vitneskju eða rannsóknir er vikið að því eftir því sem við á.

Samband Íslendinga við hálandið hefur verið breytilegt í aldanna rás og líta menn ólíkum augum á nýtingu þess og nytsemi. Gott dæmi um viðhorf til hálandisins á okkar dögum er að finna á heimasíðunni www.nat.is. Þar segir:

„Þegar talað er um miðhálandið, er yfirleitt miðað við landsvæði ofan 400 m hæðar yfir sjó. Þetta svæði nær yfir u.þ.b. 76% af flatarmáli landsins alls. Við köllum hálandið líka óbyggðir, enda búa fáir ofar framangreindra marka. (...) Því miður hafa allt of fáir lagt leið sína á þessar slóðir og misst af þeim góðu áhrifum, sem öræfin hafa á fólk. Þarna uppi er ekki eintóm og tilbreytingalaus eyðimörk eins og margir halda. Landslag er víðast ákaflega fagurt og fjölbreytt

11 Orri Vésteinsson. 1996: 10.

og þar er líka að finna einstakar vinjar, grænar perlur, í grárri auðninni.“¹²

Segja má að í hugum ferðamanna sem og Íslendinga sé miðhálandið ósnortin náttúra og auðnir þrátt fyrir að þar séu virkjanir, vegir, skálar, rennandi vatn, rafmagn og göngustígar. Hluti af aðráttaraflinu er kyrrð, einfaldleiki, náttúra og sú upplifun að vera fjarri þéttbýlli svæðum.¹³ En þetta hefur ekki alltaf verið viðhorfið. Orri bendir á að frá sögulegu og menningarlegu sjónarmiði megi skipta hálandinu í tvennt; annars vegar gróðurlausar auðnir, fjöll, jökla og sanda en hins vegar misjafnlega gróin heiðlendi. Frá sjónarmiði bændasamfélagsins var lítið hægt að nýta auðnir, þær tilheyrðu engum og þar var fátt um örnefni, sem er til vitni um takmarkaðar ferðir manna. Einu notin sem hafa mátti af slíkum svæðum var brennisteinsnám og grjótnám fyrir kvarnasteinagerð. Staðir af því tagi eru örfáir, dreifðir um landið og öll vinnsla háð bithögum fyrir flutningshross. Fyrir utan þessar nytjar eiga auðnirnar sér takmarkaða sögu nema þegar kemur að samgöngum.¹⁴

Gróni hluti miðhálandisins á sér lengri sögu og meiri þekking hefur varðveist um þau svæði. Þau voru mikilvægt beitiland og þangað voru sóttar plöntur, fuglar og fiskar. Minna er vitað um beit, söfnun plantna og smalamennsku. Til eru heimildir um að búpeningur hafi verið rekinn á fjall allt frá 13. öld en þær eru að mestu rýrar um þátt miðhálandisins í efnahagslífi þjóðarinnar. Það er ekki fyrr en á 18. og 19. öld sem heimildir um fyrirkomulag leita, grasaferða og aðferða við áltfaveiði koma til sögunnar. Minjar sem tengjast þessum þáttum eru að jafnaði ekki eldri en frá 19. öld, svo vitað sé.¹⁵ Skóg- og kjarrlendi voru einnig mikilvægar náttúruauðlindir áður fyrr. Menn lögðu á sig löng ferðalög til að komast í skógarhögg, og til eru heimildir um skógarnytjar á jaðarsvæðum hálandisins, til dæmis í Austur- og Vesturdal í Skagafirði, Þjórsárdal og Landsveit. Þar voru skógar eftir að búseta var gefin upp á bátinn og heimildir geta um kolagerð og skógarhögg allt fram á 19. öld. Enn vantar þó grunnrannsóknir á útbreiðslu skóga til forna á Íslandi, hvernig þeir eyddust og hversu hratt en nánar verður fjallað um þetta í kafla 3.¹⁶

Í hálandismörkunum hafa ávallt verið jaðarsvæði þar sem seljabúskapur og heilsársbúskapur var reyndur af og til. Oft eru þetta svæði sem nú eru óbyggileg með öllu. Á slíkum svæðum er gjarnan mikið af minjum og þær hafa mótað hugmyndir þjóðarinnar um hálandið og sögu þess á mikilvægan hátt. Um þessar byggðir eru oftast en ekki sagnir um blómlegar sveitir sem lögðust í eyði vegna svartadauda og eldgosa og oft er slíkum atburðum lýst á dramatískan hátt. Góð dæmi eru t.d. frá Þjórsárdal sem stóð skyndilega í ljósum logum vegna eldgoss og einungis ein smalastúlka komst undan á styggum hesti. Tólfahringur í Skaftártungu er annað dæmi um slíka byggð en þar átti heil kirkjusókn að hafa eyðst af völdum öskufalls um 1112 eða þar um bil. Þessar sögur geyma gamlar alþýðuskýringar um byggðaeyðingu, sumstaðar

12 Sjá: https://www.nat.is/travelguide/ferdavisir_halendid.htm

13 Anna Dóra Sæþórsdóttir. 2012: 4.

14 Orri Vésteinsson. 1996: 12; Sólvæg G. Beck. 2019: munnleg heimild.


15 Orri Vésteinsson. 1996: 12-13; Guðný Zoëga. 2013: 11.

16 Sjá t.d. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín II: 217- 218, Orri Vésteinsson. 1996: 19, Friðgeir Sófus Sigurmundsson. 2011.

er allur jarðvegur fokinn burt og það eina sem sést eru grjótdreifar, á öðrum sjást grónar tóftir en sagnirnar eru líka ýktar og byggðin talin hafa verið meiri en hún var raun og veru.¹⁷

Orri bendir á að í grófum dráttum sé um tvær tegundir af landslagi að ræða í hálendisjaðrinum. Önnur tegundin eru þröngir og djúpir dalir sem skerast langt inn í hálendið og fjallsbrúnir mynda greinileg skil á milli byggilegra svæða og óbyggilegra. Dalir af þessu tagi eru t.d. Blöndudalur, Krókdalur og Fremi Jökuldalur. Hin tegundin er aðallega á móbergssvæðum héraendis en einnig í Mýra- og Húnavatnssýslu. Þar eru misgróin og misafliðandi heiðarlönd inn af byggð. Þessu landslagi má aftur skipta í tvennt, annars vegar eru það aflíðandi heiðar sem taka við af heimahögum án þess að greinileg skil sjáist í landslagi. Jaðarsvæðið á þessum svæðum er mjög breitt, minjarnar dreifðar og ná langt inn á hálendið. Miklu algengari tegund af landslagi er að hjallar eða lágur fjallshlíðar, skilji byggð frá heiðarlöndum. Við slíkar aðstæður eru mörk hins byggilega og óbyggilega nokkuð skýr og jaðarsvæðið frekar mjótt. Á svæðum af þessu tagi ber meira á seljum en meintum fornþýlum.¹⁸

Frá upphafi byggðar héraendis hafa leiðir manna legið um hálendið, það gegndi mikilvægu hlutverki sem stysta leið á milli landshluta, auk þess sem jökulár eru auðveldari yfirferðar nær upptökum. Helstu samgönguleiðir tóku mið af haglendi að öllum líkindum allt frá landnámsöld og hægt er að gera sér grein fyrir helstu samgönguleiðum allt frá 13. öld með hliðsjón af heimildum. Í Landnámu eru t.d. frásagnir um ferðalög á fyrstu áratugum landnáms



Kort sem sýnir tillögu af helstu ferðaleiðum yfir hálendið á Íslandi á öldum áður. (Guðmundur Páll Ólafsson: 241.)

17 Brynjúlfur Jónsson. 1885: 57; Jón Steingrímsson. 1907-1915: 53; Birna Lárusdóttir. 2011: 37.

18 Orri Vésteinsson 1996: 12-13, 38

hérlandis inn á miðhálandið. Ein þekktasta frásögnin er um Skagfirðingana Roðrek, Vékel og Rönguð sem fóru hver öðrum lengra til suðurs, inn á miðhálandið og sagnir segja að með þessu hafi verið lagður grunnur að ferðum yfir Kjöl.¹⁹ Það er ekki hægt að taka þessar sagnir bókstaflega en þær fela í sér vitneskju um landkönnun sem hlýtur að hafa átt sér stað. Fólk hefur ferðast um landið allt frá upphafi byggðar og án efa hafa margar af leiðunum týnst, landslag og gróðurfar hefur breyst, nytjar fallið niður og valdamiðstöðvar í einhverjum tilfellum færst til. Erfiðustu leiðirnar hafa eflaust alltaf verið fáfarnar og jafnvel týnst alveg. Sé tekið mið af tiltækum heimildum eru ástæður fjallferða fyrst og fremst pólitískar, tengdar fiskveiðum, kaupstaðaferðir og leitir. Á 16.-18. öld verða breytingar hérlandis, m.a. af völdum kólnandi veðurfars og þekking á miðhálandinu og samgönguleiðum þar yfir hefur sýnilega dregist saman frá því sem áður var, m.a. leggjast ferðir um Sprengisand að öllum líkindum af. Undir lok 18. aldar var talsverður áhugi á úrbótum í samgöngumálum og um það leyti hófust ferðir um Sprengisand að nýju þótt aldrei yrði þar fjölfarið. Minjar um þessar aldagömlu samgöngur eru litlar, helst vörður og götupaldrar hér og þar.²⁰

19 Landnáma (ÍF I): 230-32.

20 Orri Vésteinsson. 1996: 35-38; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000; 222-223.



Í Þórsmörk hafa orðið miklar breytingar á gróðurfari í gegnum aldirnar. Á þessu svæði er trjágróður að verða ríkjandi á ný. ©Fornleifastofnun Íslands

3. Gróðurfar á miðhálandinu

Það er vitað að gróðurfar og jarðvegseyðing hefur tekið miklum breytingum frá landnámi hérlandis og flestir fræðimenn eru sammála um að um helmingur af gróðurlendi landsins hafi horfið á síðustu 1100 árum. Umhverfisbreytingarnar virðast einna mestar á árunum 1200-1500 og eru þær raktar beint til mannvistaráhrifa og kólnandi loftslags. Eftir landnám hefst hratt undanhald birkiskóga og útbreiðsla graslendis eykst. Undanhald skóga á fyrstu 100-200 árum eftir landnám er ein mesta breyting sem hefur orðið á gróðurfari hérlandis á söguöld. Giskað hefur verið á að við landnám hafi gróður þakið um 65% landsins og skógar 25-30%. Undir lok 19. aldar þakti gróður einungis 25% landsins og skógar 1%.²¹

Að öllum líkindum hefur stór hluti miðhálandisins verið gróðursnauður fyrir landnám en um leið er einnig talið að stór svæði hafi blásið þar upp. Það er ekki vitað hver útbreiðsla skóga og gróðurs var um árið 870 en augljóst er að betri þekking á því sviði gæti bætt við miklum upplýsingum um þetta ferli. Það er ekki vitað hvenær og hvar þessi uppblástur átti sér stað en jarðvegseyðing hefst greinilega skömmu eftir landnám, það sést á jarðvegsþykknun í sniðum á láglandi um 1104 og 1330/1341. Hún er talin stafa af jarðvegi, að mestu áfok frá miðhálandinu.²² Veðurfar fór kólnandi frá ofanverðri 13. öld og hélst fremur kalt allt fram undir aldamótin 1900, þetta skeið er stundum nefnt „Litla ísöld“. Það hafði áhrif á hálandis- og öræfagróður og olli

21 Gunnar Karlsson. 2009, Þorleifur Einarsson 1962; Dugmore o.fl. 2009; Margrét Hallsdóttir 1987; Egill Erlendsson og Kevin J. Edwards. 2010: 29.

22 Margrét Halldóttir, 1987; Orri Vésteinnsson. 1996: 18; Ólafur Arnalds o.fl. 1997: 14.

hnignun hans og gæti hafa stuðlað að eyðingu byggðar í hálendisjaðrinum og öðrum svæðum, m.a. vegna uppblásturs. Þessi þróun er nokkuð vel þekkt og hefur verið rannsökuð með frjókornagreiningu í jarðvegi. Rannsóknir hafa einnig sýnt að búseta raskaði jafnvægi á milli viðkvæms gróðurs, óblíðra vaxtarskilyrða hans og veikrar jarðvegsgerðar. Skógarnir eyddust, gróðurþekja minnkaði og uppblástur og jarðvegsrof jókst.²³

Nokkur aðskilin svæði hafa verið rannsökuð um allt land á síðustu árum með tilliti til gróður- og jarðvegseyðingar. Á Norðurlandi var m.a. sýnt fram á að jarðvegsþykknun er mun hraðari en fyrir landnám á þremur sýslum. Niðurstöðurnar sýna ennfremur að jarðvegssaga þessara svæða í Skagafirði, Eyjafirði og Húnavatnssýslum er ekki eins og breytingar eiga sér ekki stað á sama tíma. Mestu máli skipta breytingar af völdum búsetu þegar kemur að gróðureyðingu og talið er að það jarðvegsrof sem var héraendis af náttúrulegum orsökum hafi skipt litlu miðað við þau áhrif sem landnámið hafði á gróðurfar. Skóglendi og tilheyrandi vistkerfum var eytt með tilkomu landbúnaðar og harðgerður, lágreistur gróður varð ríkjandi. Þetta ferli átti sér ekki stað samtímis um allt land en ferlið virðist alls staðar vera hið sama á rannsóknarsvæðunum. Tiltækar heimildir gefa til kynna að skógum á láglandi hafi að mestu verið eytt á 14. öld á umræddum svæðum en lítið hefur verið rannsakað hvort nýtingu þessara skóga hafi verið stýrt eða þeir verið ræktaðir.²⁴ Það er því ljóst að margir þættir hafa áhrif á gróður- og jarðvegseyðingu á miðhálandinu. Útbreiðsla skóga sem enn voru varðveittir á 14. öld hefur ekki verið rannsökuð að ráði en ritheimildir gefa hugmyndir um á hvaða svæðum skógur var enn til staðar líkt og í Þjórsárdal og Landsveit. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem gerð var í upphafi 18. aldar er þar fremst í flokki. En einnig er ljóst að mikið af þeim skógum sem þar er lýst eru nú horfnir.²⁵

Gróður- og jarðvegseyðing var mögulega mest í hálendisjaðrinum vegna ágangs manna og uppblástur ofar á hálendinu, á jaðarsvæðum, má fyrst og fremst rekja til aukins beitarþunga á 19. öld að mati Orra Vésteinssonar. Ein af ástæðum gróðurhnignunar er beit búfjár en lítið er vitað hversu mikið miðhálandið var nýtt til sumarbeitar til forna. Þó er vitað að nýtinging var köflótt séu ritheimildir líkt og *Búnaðarhagir* og *Göngur og réttir* skoðaðar. Á 18. öld virðist hafa verið lítill upprekstur á miðhálandið en mikil breyting varð á því þegar kemur fram á 19. öld. Það er ekki sé vitað hvort búskaparhættir líkt og tíðkuðust á 19. öld hafi ávallt verið ríkjandi á Íslandi og líkur benda til að sauðfjárafurðir hafi skipt minna máli fyrir á öldum. Á miðöldum áttu a.m.k. geldneyti og svín stærri þátt í kjötframleiðslu og meiri áhersla var lögð á afurðir úr kúamjólk og seljabúskap.²⁶

23 Andrés Arnalds. 1988a: 13 og Friðrik G. Olgeirsson. 2007: 2; Egill Erlendsson og Kevin J. Edwards. 2010: 48-49.

24 Grétar Guðbergsson. 1996: 84; Egill Erlendsson og Kevin J. Edwards. 2010: 29.

25 Egill Erlendsson og Kevin J. Edwards. 2010: 48-49; Sjá t.d. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín II: 217- 218

26 Sigurður Sigurðarson. 1937: 63; Göngur og réttir III. 1936: 282-83; Orri Vésteinsson. 1996: 20-22.



Íslandskort Þórðar Þorlákssonar frá 1670. Þar er fyrsta afmörkun miðhálandisins sýnd. ©www.islandskort.is.

4. Kortasaga miðhálandisins

Eins og Orri Vésteinsson hefur bent á þá sýnir þróun Íslandskorta frá 16. - 19. öld okkur hluta af tilraunum Íslendinga sem og annarra til að átta sig betur á umhverfi sínu og færa sig í átt til traustara yfirlits af landinu. Kortin gefa nokkuð góða hugmynd um viðhorfið til miðhálandisins, breytingar á því og hvernig mikilvægi þess vex eftir því sem nær dregur okkur í tíma. Sú hugmynd að landakort ættu að sýna raunveruleikann var lengi að þróast og fram til 1800 var ríkjandi viðhorf að kort ættu að sýna það sem skipti máli og ósýnileiki miðhálandisins sýnir það vel. Breyting í átt að raunhæfari mynd af miðhálandinu sem og Íslandi öllu varð smátt og smátt og fólk gerði sér grein fyrir fyrir að það vantaði svæðið í miðjunni, milli byggðra svæða á láglandi og í dölum á kortin.²⁷

Á elstu kortunum sem byggja á raunverulegum athugunum og þekkingu er yfirleitt ekki mikið sýnt af miðhálandinu. Það má segja að það sé engin miðja í landinu, bara fjöll sem skilja milli landshluta. Á heimskorti Orteliusar (byggt á korti Guðbrandar Þorlákssonar) frá 1585 er t.d. samfelld jökjaröð eftir landinu endilöngu. Á korti Joris Carolus frá 1631 hefur hálandið tútnað út og nokkur fjöll bæst við og hið sama má segja um kort Resens frá 1666, talsvert af fjöllum suður af Skagafirði hafa bæst á kortið en þó sérstaklega á austurhálandinu. Á korti Þórðar

27 Orri Vésteinsson. 1996: 14,17; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000; 28.

Þorlákssonar frá 1668 fer ekki mikið fyrir miðhálandinu en þar koma fyrir nokkur örnefni í fyrsta sinn. Það eru t.d. Herðubreið, Sprengisandur, Fisk-wotn (m.a. Íshólsvatn, Svartárvatn og Kálfaborgarvatn) og Fiski wotn sem nú kallast Veiðivötn á Landmannafrétti. Eins og Orri Vésteinsson bendir á er áhugavert að velta því fyrir sér hvort að eignarhald komi eitthvað þar við sögu og stjórn þvi að þessi vötn séu sýnd. Einnig gæti þetta verið vísbending um mögulegt mikilvægi þessara nytjastaða. Örnefnin eru flest á fjöllum sem sjást úr byggð eða á stöðum við helstu fjallvegi landsins, nema bæði Fiskivötnin. Á endurskoðuðu korti frá 1670 var bætt við fjöllum á miðhálandinu en örnefnin eru eins. Á þessu korti er jafnframt er punktalína milli byggða og miðhálandisins.²⁸

Á árunum 1723 – 1733 voru gerð kort af einstökum sýslum og landshlutum að frumkvæði Dana, Knoffs-kortin. Knoffs-kortin voru nákvæm að því leiti að þau sýndu meiri smáatriði en fyrri kort og voru betri heimild um byggða bæi og innbyrðis afstöðu þeirra, um samgöngur og hlunnindi. Þau voru ekki byggð á nákvæmum mælingum og hlutföll eru þar af leiðandi ekki rétt. Á kortunum eru dregin skýr skil milli byggða og hálandis, helstu fjallvegir eru sýndir en að öðru leyti er miðhálandið kennileitlaust. Á grunni landshlutakortanna var gert yfirlitskort af Íslandi árið 1734. Þar eru allir helstu jöklar aðskildir og nánast á réttum stað, stór fjöll líkt og Dyngjufjöll í Ódáðahrauni eru sýnd og upptök vatnsfalla að mestu rétt. Þar eru helstu fjallvegir og tjöld á áningarstöðum við Blönduvað, í Hvítarnesi og við Arnarvatn á Arnarvatnsheiði. Þetta bendir til raunverulegrar þekkingar á landslagi á miðhálandinu á 18. öld.²⁹

Á árunum 1792-95 gerði Sveinn Pálsson sérstök kort af helstu jöklum landsins og þar sjást ýmis örnefni í fyrsta sinn á miðhálandinu. Þessi kort eru einnig ein fyrsta vísbending um að fólk hefði áhuga á miðhálandinu, þrátt fyrir að það hefði ekkert með gagn eða nýtingu að gera í sjálfa sér. Í ávisögu hans kemur einnig fram staðfesting þess að bændur hafi kunnað mun betri skil á kennileitum og örnefnum á hálandinu en þeir fræðimenn sem þar fóru um og fjölluðu um svæðið. Hann vísar m.a. í föður sinn sem gjörþekkti Kjalveg og gat leiðbeint um öll vegamerki.³⁰ Þetta gefur til kynna að alltaf hafi verið til fólk sem þekkti miðhálandið en þessi þekking hafi ekki náð til þeirra sem gerðu kortin.

Það var ekki fyrr en með þríhyrningamælingum Björns Gunnlaugssonar umhverfis landið í upphafi 19. aldar sem nákvæmari og raunhæfari kort en áður höfðu þekkt koma til sögunnar. Íslandskort hans sem kom út 1844 er mun nákvæmara en eldri kort, bæði hvað varðar hlutföll, lögur, staðsetningu og fjölda örnefna. Kortin eru engu að síður barn síns tíma en sýna að sú afstaða að miðhálandið skipti sífellt meira máli væri að verða sterkari og meiri metnaður var lagður í raunverulegt landrými burtséð frá staumum og stefnum við kortagerð.³¹


Það er ekki fyrr en undir lok 19. aldar sem hálandið vakti athygli almennings og það fór að sýna því áhuga. Jarðfræðiuppdráttur Þorvaldar Thorodssen kom út árið 1901 og veitti

28 Orri Vésteinsson. 1996: 14-15.

29 Orri Vésteinsson. 1996: 16.

30 Nørlund, 1944: 23, 30-31, 38, 42; Orri Vésteinsson. 1996: 14-15; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 34; Sveinn Pálsson. 1929: 28.

31 Nørlund, 1944: 52, 54; Orri Vésteinsson. 1996: 15-16.



Kort gert árin 1927 og 1931 af Torfajökli og Veidivötnum. ©www.lmi.is

byltingakennda sýn á landið og með dönsku herforingjaráðskortunum frá fyrstu áratugum 20. aldar var kominn grunnur sem notaður var fram til loka 20. aldar. Um miðja öldina breyttust hugmyndirnar enn frekar, Íslendingar eignuðust bifreiðar sem komust upp á hálandið og sögur voru sagðar af landvinningum. Það var ekki fyrr en eftir lok síðari heimstyrjaldarinnar sem ferðamenn fóru að fara í skemmtiferðir inn á hálandið en síðan þá hafa fleiri og fleiri lagt leið sína þangað. Nýjar ímyndir urðu til af svæðinu og fleiri vildu sjá það með eigin augum og kynnst þessum ómetanlega þjóðararfi.³²

32 Nørlund, 1944: 68-69; Anna Dóra Sæþórsdóttir. 2012: 7; Guðmundur Páll Ólafsson. 2000: 10, 38.



Inn af Bárðardal er Krókdalur. Hér er horft til suðurs, inn eftir þeim dal. ©Fornleifastofnun Íslands

5. Saga fornleifarannsóknna á miðhálandinu

Hér verður stiklað á helstu atriðum í sögu fornleifarannsóknna á miðhálandinu og rannsóknáherslum úr áðurnefndri skýrslu Orra Vésteinssonar. Samhliða verður nýjum upplýsingum úr rannsóknum síðustu 20 ára bætt við. Umfjölluninni verður skipt í grófum dráttum í tvennt, annars vegar umfjöllun um fornleifaskráningu og hins vegar umfjöllun um annars konar rannsóknir. Það er þó ekki alltaf auðvelt að gera þennan greinarmun t.d. í eyðibýggðarannsóknum þar sem er bæði verið að skrá og grafa.

Eyðibýlarannsóknir

Eyðibýlarannsóknir hafa verið áberandi í íslenskri fornleifafræði allt frá upphafi hennar. Fyrstu markvissu fornleifaathuganir og lýsingar á minjum á miðhálandinu voru gerðar undir lok 19. aldar af Brynjúlfi Jónssyni. Hann ferðaðist um hálandisjaðarinn á árunum 1860-1909, skoðaði allar helstu eyðibýggðir og rannsakaði minjastaði. Hann hóf rannsóknir í Þjórsárdal, skoðaði eyðibýggðina á Hrunamannafrétti og afsannaði munnmæli um að 16 eyðibæi væri þar að finna. Í greinum sínum lagði Brynjúlfur drög að eyðibýggðarannsókum á Íslandi.³³ Vinna Brynjúlfs vakti áhuga annarra fræðimanna og Þorsteinn Erlingsson gerði fyrstu fornleifauppgreftina á miðhálandinu árið 1895 þegar hann gróf í Lauga/Laugahvamma á Hrunamannafrétti, báðar Áslákstungur og Bergólfsstaði í Þjórsárdal.³⁴ Daniel Bruun skoðaði minjar á hálandinu á árunum

33 Brynjúlfur Jónsson. 1885, 1894, 1896, 1897, 1907.

34 Þorsteinn Erlingsson. 1895.

1895-97, m.a. eyðibygðir í hálendisjaðri Árnassýslu, í Bárðardal og Skagafirði.³⁵ Á næstu áratugum breyttust áherslurnar, horfið var frá eyðibygðarannsóknum og miklu af örnefnum var safnað á miðhálandinu án frekari vettvangsrannsókna.³⁶

Segja má að fornleifarannsóknir á miðhálandinu hefjist fyrir alvöru rétt fyrir miðja síðustu öld. Árið 1939 gerði leiðangur norrænna fornleifafræðinga rannsóknir í Þjórsárdal og lögðu um leið grunn að fornleifarannsóknum hérlendis.³⁷ Einn af stöðunum sem var rannsakaður í Þjórsárdal 1939 lendir innan miðhálandismarka, Áslákstunga fremri, en hinir eru utan við línuna. Þetta sýnir hversu illa núverandi afmörkun miðhálandisins hentar minjum og landslagsheildum. Einstakt minjasvæði, líkt og Þjórsárdalur, er klofið í tvennt og allt samhengi rofið.

Árið 1979 hófust rannsóknir Sveinbjörns Rafnssonar á byggð í Hrafnkelsdal og Brúardölum og líkt og áður var áherslan á byggðaeýðingu. Það vekur athygli að austan við Þríhyrningsvatn, vestan Jökuldalsheiðar, er rúst sem talin er veiðikofi frá miðöldum, að öllum líkindum frá 13.-14. öld samkvæmt borkjarnasýnum. Aðrir minjastaðir sem Sveinbjörn rannsakaði eru í Arnardal og Vesturdal í nágrenni Brúardala, minjar þar frá því fyrir 1158.³⁸ Því miður hafa þessir staðir ekki verið hnittsettir líkt og stór hluti staðanna í rannsókn Sveinbjarnar en hér er um eina elstu minjastaði á miðhálandinu sem rannsakaðir hafa verið. Hér, líkt og í Þjórsárdal, sker núverandi miðhálandisafmörkun minjasvæði og landslagsheildir í sundur og staðfestir ennfrekar vankanta hennar þegar kemur að minjum og landslagsheildum.

Ein fyrsta fornleifaskráningin á miðhálandinu var gerð af Guðrúnu Sveinbjarnardóttur árin 1980-1982 og vann hún að rannsóknum sínum á sama tíma og Sveinbjörn. Hún gerði rannsóknir á byggðaleifum í Þórsmörk og einblíndi á eyðingu byggðarinnar þar. Guðrún lýsti minjunum, gerði nákvæma uppdrætti, tók saman heimildir og upplýsingar um þekktu gripi. Guðrún komst að þeirri niðurstöðu að engin ein skýring gæti verið á eyðingu byggðar heldur spiluðu eflaust margir og flóknir þættir saman.³⁹

Krókdalur, inn af Bárðardal, var skráður á árunum 2004-2005 og 2014. Árið 2005 fóru einnig fram minniháttar fornleifarannsóknir á þremur bæjum. Áhersla þessara rannsókna var á eyðibygðina og það að staðsetja bæina.⁴⁰

Skipulags- og framkvæmdatengdar rannsóknir

Á síðustu 20 árum eða þar um bil hafa fjölmargar fornleifarannsóknir, bæðiskráning og uppgröftur, verið gerðar á miðhálandinu og stjórnast meirihluti þeirra af yfirvofandi framkvæmdum. Um

35 Bruun, Daniel. 1897, 1953, 1974.


36 Orri Vésteinsson. 1996: 33.

37 Stenberger, Mårten. 1943.

38 Sveinbjörn Rafnsson. 1990: 84-91.

39 Guðrún Sveinbjarnardóttir. 1982.

40 Orri Vésteinsson. 2004 og 2005.



Skráðar minjar á Holtamannaafretti sjást sem rauðir punktar, í svokölluðum Póristungum. Hluti þessa svæðis fór undir Sporðöldulón árið 2013. ©Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands.

allt land hafa afmörkuð framkvæmdasvæði, svokallaðir deiliskráningarreitir, verið skráðir af fornleifafræðingum en aðgengi að þessum upplýsingum er í einhverjum tilvikum takmarkað. Það er oft á tíðum erfitt að finna upplýsingar um hvar verkefni voru unnin og hverjar niðurstöður þeirra eru, hluti þessara gagna er aðgengilegur í minjavefsja Minjastofnunar Íslands.⁴¹ Á miðhálandinu hafa flest skráningarverkefni verið gerð í tengslum við virkjanaframkæmdir, vegagerð og rafstrengi. Fornleifaskráning er í raun fyrsta stig rannsókna og að henni lokinni er reynt að leggja mat hverju á að fórna, hvað á að rannsaka og hvað beri að varðveita.

Eitt fyrsta skráningarverkefnið á miðhálandinu þar sem notast var við GPS tækni var rannsókn Bjarna F. Einarssonar vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda í Þjórsárverum.⁴² Þessi skráning er barn síns tíma en síðan þá hafa önnur skráningarverkefni farið fram í nágrenninu en ekki hefur verið gerð tilraun til þess að horfa heildstætt á gögnin. Ein fornleifarannsókn hefur verið gerð innan miðhálandisins vegna virkjana í efri hluta Þjórsár. Árið 2009 var rétt í Byrgisveri við Búðarháls rannsökuð en hún hvarf undir Sporðöldulón nokkrum árum síðar. Teknir voru fjórir könnunarskurðir í réttina og niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að hún hafi verið reist skömmu eftir 1721. Ummerki um eldra mannvirki sáust í norðvesturhorni, líklega ekki eldra en frá lokum 17. aldar.⁴³

Flestar fornleifarannsóknir á miðhálandinu hafa verið í tengslum við og innan áhrifasvæðis

41 <https://map.is/minjastofnun/>

42 Bjarni F. Einarsson. 1999.

43 Aldred, Oscar. 2009.

Kárahnjúkavirkjunar, alls 10 talsins. Stærsta rannsóknin var heildaruppgröftur á svonefndum Pálstóftum sem fundust haustið 2003. Minjarnar voru grafnar upp árið 2005 og niðurstöður gjóskulagagreininga og kolefnisgreininga gefa til kynna að byggingarnar hafi verið í notkun á milli árunna 950-1070. Flest bendir til þess að þetta sé sel en vísbendingar eru um að þar hafi verið unnið að koparsmíði.⁴⁴

Fjórir leitarkofar/sæluhús voru rannsakaðir vegna áhrifa Kárahnjúkavirkjunar. Sauðárkofi/Sauðakofi á Vesturöræfum var mældur upp og gerðir þrír könnunarskurðir í hann. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hann sé frá seinni hluta 19. aldar. Sauðárkofi yngri var einnig rannsakaður. Engin gjóskulög voru greinileg við uppgröftinn en þeir gripir sem fundust eru frá því um aldamótin 1900 og fram yfir miðja 20. öld.⁴⁵ Á Múlaafrétti var Sjónarhólskofi grafinn upp en hann var reistur um 1900. Samkvæmt samtímaheimildum var hann fallinn skömmu eftir 1930. Ekki fundust eldri mannvistarlög við uppgröftinn. Utan við kofann var hundakofi sem einnig var grafinn upp.⁴⁶ Við Kringilsárrana fannst tóft leitarmannakofa árið 2002. Ákveðið var að rannsaka tóftina árið 2013 en þá var hún nánast horfin í setlög frá Háslóni. Niðurstöður rannsókna benda til þess að kofinn sé frá 19. öld.⁴⁷ Aðhald og meint veggjabrot voru rannsökuð við Sauða árið 2004. Engar heimildir geta aðhaldsins en talið er að þetta sé rúningsrétt sem var notuð fram á miðja 20. öld. Ekki fundust gjóskulög við rannsóknina. Meint veggjabrot var sunnan aðhaldsins en svæðið var illa farið af rofi. Ekki var hægt að sanna að veggurinn væri manngerður og líklega um náttúrumyndanir að ræða. Öll þessi mannvirki eru því reist seint og engar vísendingar á þessum stöðum um eldri minjar.⁴⁸

Við rannsóknir tengdar Kárahnjúkavirkjun var grafið í samgönguminjar innan áhrifasvæðis virkjunarinnar. Varða í Sauðárdal var rannsökuð árið 2004 og er það í eitt af fáum skiptum þar sem reynt hefur verið að aldursgreina vörðu. Hennar er ekki getið í heimildum né er hún hluti af þekktri leið. Undir henni voru tvö gjóskulög sem ekki voru aldursgreind en líklegt er að varðan hafi annað hvort verið gerð á 13. eða 14. öld eða á seinni hluta 19. aldar fram yfir 1922. Sumarið 2004 var grafið í eystri kláfinn við Sauða en hvorki var jarðveg né gjóskulög að finna við minjarnar. Sumarið 2005 var vestara kláfstæði Sauðár rannsakað. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að kláfferjan hafi verið byggð nokkrum áratugum fyrir gosið í Öskju 1875.⁴⁹ Þetta er jafnframt í eina skiptið sem undirstöður kláfs hafa verið rannsakaðar.

Í sveitarfélögunum Rangárþingi ytra og Ásahreppi var gerð fornleifaskráning á afréttum í tengslum við aðalskipulag á árunum 2006-2015. Í þeirri vinnu voru allir þekktir minjastaðir á afréttunum hnitsettir, ljósmyndaðir og lýst á vettvangi. Hið sama má segja um afrétt Hvítársíðu í Borgarfirði sem var skráður árið 2004-2005 í tengslum við aðalskipulag. Í þessari vinnu var gríðarlega mikilvægum gögnum safnað um þessi svæði og ljóst að fleiri sveitarfélög mættu taka þessi vinnubrögð upp. Þegar þetta er ritað stendur skráning yfir í sveitarfélögunum Skeiða- og

44 Lucas, Gavin. 2007: Lucas, Gavin. 2011.

45 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas. 2005

46 Þóra Pétursdóttir. 2006: 5, 9, 10.

47 Guðný Zoëga. 2013.

48 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas. 2005.

49 Garðar Guðmundsson og Gavin Lucas. 2005

Gnúpverjahreppi og Rangárþingi eystra, hlutar Þjórsárdals og Þórsmerkur hafa verið skráðir og vonandi verður lokið við skráningu afréttanna á næstu árum.⁵⁰

Aðrar rannsóknir

Um miðja síðustu öld voru gerðar nokkrar fornleifarannsóknir innan miðhálandisins af Kristjáni Eldjárn, Sigurði Þórarinssyni og Gísla Gestssyni. Áherslur rannsókna þeirra voru að mestu á útilegumenn og eyðibýggðir. Kristján Eldjárn gróf í útilegumannakofa í Hvannalindum árið 1941 og fjallaði um uppgröftinn í *Lesbók Morgunblaðsins* sama ár. Minjastofnun Íslands lét gera aldursgreiningu á beinum frá staðnum og niðurstöður benda til þess að þau séu frá seinni hluta 18. aldar.⁵¹ Kristján Eldjárn rannsakaði Þórarinsstaði á Hrunamannaafrétti árið 1945 ásamt Sigurði Þórarinssyni en bæir sem voru taldir hafa eyðst vegna eldgosa þóttu áhugaverðir vegna gjóskulaga, segja má að gjóskulagafræðin reki upphaf sitt til þessara rannsókna sem og rannsóknanna í Þjórsárdal.⁵² Gísli Gestsson skoðaði ummerki um útilegumenn í Hallmundarhelli árið 1958 og Snjóöldufjallgarði árin 1952 og 1953. Minjarnar í Snjóöldufjallgarði eru taldar frá



Hluti af minjum í Snjóöldufjallgarði. © Fornleifastofnun Íslands.

því um 1600 en í Hallmundarhelli var ekki hægt að aldursgreina minjarnar.⁵³

Árið 1953 gerði Gísli Gestsson rannsóknir, bæði á Eyvindarkofa og Innra-hreysi. Tóft

50 Sólveig G. Beck. 2009; Ágústa Edwald. 2005.; Kristborg Þórsdóttir. 2014; Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017; Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Í vinnslu

51 <http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/ahugaverdir-stadir/hvannalindir/>; Kristján Eldjárn. 1941.

52 Orri Vésteinsson, 1996: 34; Kristján Eldjárn. 1949.

53 Gísli Gestsson. 1956; Gísli Gestsson. 1983b.

Eyvindarkofa var mæld, teiknuð og grafið lítillega í hana. Innra-hreysi fannst sama dag og Eyvindarkofi var rannsakaður og þá fór fram lítil rannsókn þar. Staðurinn var rannsakaður ítarlegar árið 1983 af Gísla. Þá var grafið í tóftina en einnig í grjóthlaðna rétt þar nærri. Innra-hreysi var gert um 1772 og miðað við samtímalýsingar voru þar fleiri minjar sem nú eru horfnar. Ekki var hægt að segja til um aldur réttarinnar en líklega er þetta gæsarétt, ótengd öðrum minjum á staðnum.⁵⁴

Örfáir rannsóknaruppgreftir sem eru ekki af völdum fyrirhugaðra virkjana hafa verið gerðir síðustu ár á miðhálandinu. Árið 1978 fundust uppblásin kuml í Hólaskógi á afrétti Gnúpverja. Í kjölfarið rannsökuðu Þór Magnússon og Gísli Gestsson minjarnar. Árið 2017 fóru starfsmenn Minjastofnunar Íslands aftur í Hólaskóg og grófu upp hrosskuml. Niðurstöður þeirrar rannsóknar hefur ekki verið gefnar út. Þetta eru einu þekktu kumlin innan miðhálandismarka.⁵⁵

SurtsHELLIR var rannsakaður árið 2001 og niðurstöður þeirra rannsókna gefa til kynna að þar séu búsetuminjar frá landnámsöld. Frá árinu 2013 hafa farið fram nokkrar rannsóknir í hellinum en því miður hafa niðurstöður ekki verið gefnar út. Þeir sem standa að uppgreftinum halda úti síðu á samfélagsmiðlinum Facebook og þar eru fréttir og myndir úr þessum rannsóknum.⁵⁶

Árið 2005 var gerður uppgroftur á Þórutóftum á Laugafellsöræfum en sá staður hefur vakið athygli allt frá fyrri hluta 19. aldar. Ein fyrsta fornleifalýsingin á miðhálandinu var gerð þar árið 1819, þegar Þórunnarlaug var lýst og hún teiknuð upp. Þekktustu minjarnar á þessu svæði eru tvö mannvirki, annars vegar Þórunnarlaug og hins vegar Þórutóftir. Grafið var í Þórutóftir og í stuttu máli var ekki hægt að sýna fram á þar hefði verið föst búseta, mannvirki eða mannvistarlög þrátt fyrir sagnir um annað. Hins vegar sáust ummerki um mannaferðir undir öskulaginu úr Veidivötnum 1477, mögulega var þarna áningarstaður sem var aflagður fyrir 1477.⁵⁷

Býlið Búðarárþakki á Hrunamannaafreitti var rannsakað árið 2005-2009 af Kristjáni Mímíssyni. Bæjarrústir frá miðri 17. öld voru grafnar upp í rannsókninni en búseta á staðnum varði aðeins í örfá ár. Meðal þeirra mannvirkja sem var grafið upp var lítið skýli, verkstæði fyrir steinsleggjumsíði.⁵⁸

Árið 2018 voru gerðar tilraunir með skráningu fornminja á uppblásnum svæðum og þróun nýrra skráningaraðferða í Þjórsárdal en hluti þeirra minja eru innan miðhálandismarka.⁵⁹

Það er greinilegt að rannsóknir síðustu 20 ára eru af öðrum toga en rannsóknir á síðustu öld. Áherslur hafa færst af byggðaeýðingu og ummerkjum útilegumanna yfir á framkvæmdatengdar rannsóknir og þar með hefur sjónum okkar verið beint að annars konar minjum. Þannig hefur áherslum, viðfangsefnum og rannsóknarsvæðum fornleifarannókna verið stýrt. Engu að síður

54 Gísli Gestsson. 1983a.

55 Kristján Eldjárn. 2016: 83-84; Uggi Ævarsson. Munnleg heimild.

56 Guðmundur Ólafsson o.fl. 2001: 15; SurtsHELLIR, sjá: <https://www.facebook.com/SurtsHELLIR/>

57 Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson, 2010: 92.

58 Bjarni F. Einarsson. 2004; Kristján Mímísson. 2016.

59 Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Garðar Guðmundsson. 2019.

eru niðurstöðurnar áhugaverðar og mikilvægar upplýsingar komið fram sem varpa nýju ljósi á miðhálandið og nýtingu þess. Sem dæmi má nefna að allir fjórir gangnamannkofarnir sem voru rannsakaðir á Austurlandi eru frá 19. öld og er það í samræmi við upplýsingar sem koma fram í rituðum heimildum, t.d. í *Göngum og réttum*. Það hefur verið grafið í tvennar réttir á Suðurlandi sem eru að öllum líkindum 100-200 árum eldri en gangnamannakofarnir og inn á milli eru síðan mun eldri minjar. Minjar tengdar útilegumönnum ná yfir stóran hluta Íslandssögunnar, elstu minjarnar eru í hellum en þær yngstu í hlöðnum mannvirkjum. Rannsóknin á Pálstöftum staðfestir að fólk var á ferðinni ofan við hálandisjaðarinn allt frá upphafi byggðar héraendis, þetta landsvæði var nýtt á 10. og 11. öld. Sú rannsókn sýndi líka fram á nýjar hugmyndir um nýtingu svæða á miðhálandinu, þarna var að öllum líkindum sel og unnið við sérhæfð verk, koparsmiði og fuglaveiðar í þessu tilviki. Þar skammt frá eru einnig aðrar elstu minjar sem rannsakaðar hafa verið á miðhálandinu, veiðikofinn við Þríhyrningsvatn sem er talinn vera frá 13.-14. öld og sýnir fram á nýttjar langt inni í landi.

Í raun má segja að þróun fornleifaskráningar á miðhálandinu síðustu ár hafi verið á grunni skipulagsmála og framkvæmda en vísir að þróun fornleifaskráningar sem rannsóknargreinar eru fáar undir öðrum formerkjum. Tvö slík verkefni hafa verið unnin á síðustu árum sbr. áður nefndar rannsóknir á uppblásnum minjum í Þjórsárdal og rannsóknir í Krókdal.



Ungt krot á klettavegg í Þórsmörk. ©Fornleifastofnun Íslands.

6. Gagnaöflun

Fornleifaskráning er eitt af mikilvægustu viðfangsefnum minjavörslu landsins en fjöldi staða verður fyrir raski og eyðileggingu á ári hverju m.a. vegna framkvæmda, jarðvinnu, uppblásturs og landbrots. Með þeim hætti tapast upplýsingar sem engar heimildir geta um sem og mikilvæg rannsóknargögn. Fornleifaskráning er í raun fyrsta stig fornleifarannsókna og minjavörslu og tilgangurinn er að afla upplýsinga um minjar og landslag á svæðum. Á síðustu 20 árum eða svo hefur fornleifaskráning aukist jafnt og þétt, ekki síst vegna betri löggjafar en á miðhálandinu eru flestar skráningarnar gerðar vegna yfirvofandi framkvæmda eða skipulagsvinnu sveitarfélaga líkt og kom fram í síðasta kafla. Minjastofnun Íslands heldur utan um skráningargögn og – skýrslur og mikill munur er á þessum gögnum. Það er ekki auðvelt að nálgast upplýsingar um skráningarverkefni enda eru þau oftast en ekki unnin fyrir framkvæmdaaðila og það heyrir til undantekninga að um þau séu ritaðar greinar eða þekkingu miðlað áfram til annarra en verkkaupa.

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að hafa í huga hvað fornleifar eru, hvaða minjar eru skráðar við fornleifaskráningu, hvaða aðferðum er beitt og þá um leið hver er grundvöllur þessa verkefnis. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né

nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir af ólíkum skala sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð, búsetulandslag eða álagablettir. Samkvæmt lögum um menningarminjar eru allar fornleifar friðaðar og skal 100 m svæði umhverfis friðlýstar fornleifar njóta friðhelgi en 15 m umhverfis aðra minjastaði.

Fram að þessu hafa afar takmörkuð gögn sem sýna minjastaði á miðhálandinu verið tiltæk. Eina tilraunin til að sýna minjar þar er kort sem unnið var upp úr gögnum sem safnað var fyrir skýrslu vegna svæðisskipulags miðhálandisins árið 1999. Skýrslan var endurútgefin árið 2015 og kortið er birt á næstu síðu.⁶⁰ Eins og áður hefur komið fram byggði það aðeins á heimildum en ekki vettvangskonun og einungis valdir staðir voru merktir inn á kortið. Þótt kortið sé ekki nothæf heimild um raundreifingu minja á miðhálandinu er það góð vísbinding um hvar minjar gætu verið á svæðum sem ekki hafa verið skráð á vettvangi. Það að kortið hafi enn verið í notkun árið 2015, sýnir hversu lítil áhersla hefur verið lögð á að halda utan um þessi gögn og sýna þau heildrænt.

60 Einar E. Sæmundsen o.fl. 2015.

Aðferðafræði

Á haustdögum 2018 hófst skipuleg söfnun fyrirbyggjandi hnitagagna um skráðar fornleifar á miðhálandinu á einn stað. Í upphafi var ákveðið að afmarka verkefnið við minjastaði (fornleifar) sem hafa verið heimsóttir og hnitsettir af fornleifafræðingum á undanförunum 20 árum en það var ekki fyrr en um síðustu aldamót sem GPS-tækni varð almenn í fornleifaskráningu. Þetta útilokaði flest eldri gögn, s.s. rannsóknir Gísla Gestssonar, Sveinbjörns Rafnssonar og Kristjáns Eldjárns sjálfkrafa úr verkefninu. Víða eru til hnitaskrár sem heldur voru ekki notaðar. Gott dæmi er bókin *Búsund og ein þjóðleið*⁶¹ en ekki er vitað hvort hnitin sem þar fylgja eru tekin á minjum, á náttúrulegum fyrirbærum eða manngerðum kennileitum (stikum) svo einhver dæmi séu tekin. Fornleifaskráning hefur verið gerð víða á hálandinu síðastliðin 20 ár, t.d. í tengslum við aðalskipulag sveitarfélaga, afmörkuð svæði hafa verið tekin út vegna framkvæmda af ýmsum toga, jaðarbyggðir hafa verið rannsakaðar á nokkrum stöðum og valin svæði í tengslum við Rammaáætlun. Gögnin liggja víða og eru ekki aðgengileg í öllum tilvikum, af þeim sökum gætu einhverjar rannsóknir vantað hér inn. Gögnin koma flest frá Fornleifastofnun Íslands ses. og Minjastofnun Íslands en að auki frá Byggðasafni Skagfirðinga og Fornleifafræðistofunni. Að auki voru fengin hnit frá nokkrum einstaklingum, í öllum tilvikum fornleifafræðingum.

Í heildina var safnað saman upplýsingum um tæplega 1050 minjastaði á hálandinu. Gögnin sem safnað var komu í margvíslegum skráum og voru hönnuð fyrir ólík forrit. Aðallega var um að ræða .gpx skrár og lýsigögn (punktur, flákar, línur). Skrár yfir íslenskar menningarminjar eru oftast punktaskrár en sífellt algengara er að svæði séu mæld upp og minjar sýndar sem heildir. Stærsti gagnagrunnur á þessu sviði er *Ísleif*, sem varðveittur á Fornleifastofnun Íslands ses. Þar eru upplýsingar um rúmlega 35.000 minjastaði sem hafa verið skráðir á vettvangi um allt land síðastliðin 20 ár. Gera má ráð fyrir að þar séu einnig heimildir um rúmlega 70.000 minjastaði til viðbótar um allt land sem hafa ekki verið skráðir á vettvangi. Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands eru aðgengileg hnitagögn frá starfsfólki stofnunarinnar og jafnframt þeim aðilum sem skila inn hnitagögnum þangað.⁶²

Punktaskráning hefur ýmsar takmarkanir og á undanförunum árum hefur gætt æ ríkari tilhneigingar, bæði innan náttúru- og minjaverndar til að gagnrýna þá nálgun og skilgreina landslag heildrænt fremur en að horfa eingöngu til stakra eininga án tengsla við umhverfið (sjá t.d. Gísli Pálsson. 2011). Ríkisstjórnin er nýverið búin að fullgilda Landslagssamning Evrópu en honum er m.a. ætlað að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags. Þar er landslag að auki skilgreint sem tilkomið vegna menningarlegra og náttúrulegra þátta. Það er því ljóst að áherslur í löggjöfinni eru vonandi að færast í átt að landslagsgreiningu og aukinni heildarsýn á áhrif bæði manns og náttúru.⁶³ Gögnin sem verða til við punktaskráningu henta illa til að leggja

61 Jónas Kristjánsson og Páll Ásgeir Ásgeirsson. 2011

62 <https://www.map.is/minjastofnun/>

63 <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/26/Rikisstjornin-samthykkir-ad-Is-land-fullgildi-Landslagssamning-Evropu-/?fbclid=IwAR0FF5nn8vyUNFKV1YMrCcqerwy66yf9Jhtj93Qxw-v3lp8K-JxL2v8DtSEM>

heildstætt mat á áhrif framkvæmda á landslag og minjaheildir. Birna Lárusdóttir o.fl. halda því m.a. fram að það þurfi að útfæra nánar hugmyndir um menningar- og sögulega vídd í landslagi og þróa aðferðir til að greina minjagildi landslags og áhrif mannvirkja og framkvæmda á heildir. Í skýrslu þeirra segir:

„Það er ekki einungis með verndarsjónarmið í huga heldur einnig til að bæta ákvarðanatöku við framkvæmdir. Helst þarf slík vinna að liggja fyrir áður en tillögur um landnýtingu eru lagðar á borðið, og verður að ná yfir víðtækara svæði en það sem yrði fyrir beinum áhrifum vegna framkvæmda, t.d. einstök lónstæði og byggingareiti. Þar að auki er rannsóknargildið ótvírætt, enda mikill fengur að því að geta greint landfræðilega dreifingu og samhengi ákveðinna byggðamynstra og landshátta.“⁶⁴

Gögnin sem safnað var í þessu verkefni eru misjöfn að gæðum eins og við var að búast. Elstu hnitin eru frá því um 1998 en þau yngstu frá árinu 2018. Það hafa orðið gríðarlega miklar tækniframfarir á þessum 20 árum og af þeim sökum voru ýmis aðferðafræðileg vandamál til staðar þegar kom að því að sameina gögnin. Það var ekki fyrr en 2013 sem Minjastofnun Íslands gaf út staðla í fornleifaskráningu og lagði grunn að samræmingu gagna sem verða til við skráningu.⁶⁵ Helstu vandamálín eru talin upp hér neðar:

Skekkja: Algengt var að skekkja á elstu hnitum væri allt að 20-50 m en gögnin verða betri (réttari) eftir því sem nær dregur í tíma. Eldri gögn sem safnað var fyrir árið 2000 eru ónákvæm vegna kerfisbundinnar skekkju í GPS-kerfinu á þeim tíma. Fram til ársins 2000 ruglaði Bandaríkjaher GPS-sendingar til almennings og því eru hnit sem tekin voru fyrir þann tíma ónákvæm. Af þessum sökum er ómögulegt að staðsetja suma staðina með vissu og segja má að þessar elstu skráningar séu barn síns tíma. Hnitin voru jafnframt tekin í þremur hnitakerfum (misjöfn vörpun) og í sumum tilvikum reyndist erfitt að samræma þau. Í dag nota flestir skrásetjarar vörpunina ISN93 og vandamál þessu tengd nánast úr sögunni. Full þörf er á ítarlegri endurskoðun á vettvangi á elstu hnitagögnum af svæðinu af þessum sökum.

Skortur á upplýsingum: Í elstu skýrslurnar vantar stundum grunnupplýsingar líkt og hnit, ljósmyndir og kort. Ekki er heildarhnitaskrá í öllum skýrslunum en þær upplýsingar eru gríðarlega mikilvægar. Það skiptir máli í fornleifaskráningu að geta staðsett sig í umhverfinu, bæði nærumhverfi sínu sem á landinu. Þetta á bæði við á vettvangi sem og í allri úrvinnslu. Þær skýrslur sem ekki hafa þessar upplýsingar eru nánast ónothæfar og því miður sést þetta vandamál enn í dag stöku sinnum. Þessu tengd er sú staðreynd að loftmyndir voru almennt ekki tiltæk gögn fyrr en eftir 2001 og endanleg kortagögn að stórum hluta handgerð og hnitum ekki varpað inn á þau heldur þau færð inn handvirkt. Þau gögn geta þó verið góð og ómetanlegt er að hafa kort og ljósmyndir í skýrslum. Notkun loftmynda við skráningu bætir gjarnan við fleiri

64 Birna Lárusdóttir o.fl. 2016: 26-27

65 Minjastofnun Íslands: 2013.

minjum og þekkingu á landslagi og er einn af hornsteinum fornleifaskráningar í dag.

Skráningaraðferðir: Aðferðafræði við fornleifaskráningu hefur breyst mikið á síðastliðnum 20 árum. Í upphafi var tekið eitt hnit (fleiri til að minnka skekkju) á minjastað og það látið nægja. Á fjölmörgum stöðum var einungis tekið eitt hnit, t.d. í miðju svæðis, þrátt fyrir að þar væru fleiri minjaeiningar (t.d. tóftir, hleðslur eða garðlög). Í fornleifaskráningu í dag er tekið hnit á hverri minjaeiningu. Af þessum sökum var ekki unnt að áætla einingafjölda á skráðum minjastöðum í þessu verkefni, gæði gagnanna eru misjöfn og upplýsingar í skýrslum ekki alltaf þær sömu. Jafnframt er erfitt að áætla hversu mikið af upplýsingum vantar í gögnin. Í upphafi var eingöngu notast við einföld GPS tæki, í dag eru flestar minjar mældar upp og landfræðileg gögn notuð í úrvinnslu. Gögn í dag samanstanda af fitjuskram og úrvinnsla fer að mestu fram í landfræðilegum upplýsingakerfum.

Númerakerfi: Enn í dag eru notuð misjöfn númerakerfi við fornleifaskráningu. Af þeim sökum er oft erfitt að finna út hvaða staðir hafa verið heimsóttir oftast en einu sinni af ólíkum skráningaraðilum og þá um leið hvort í einhverjum tilvikum geti verið um sama stað að ræða. Skekkja og skráningaraðferðir skipta líka máli í þessu tilliti. Í þessu verkefni var reynt eftir fremsta magni að láta yngstu skráninguna gilda þegar staðir hafa verið heimsóttir oftast en einu sinni, þ.e. í þeim tilvikum þegar hægt var að staðfesta að um sama stað væri að ræða.

7. Rannsóknin

Til þess að skilja menningarsögulegt gildi landslags og minja er nauðsynlegt að horfa á heildstætt á svæði, minjar verða ekki til án nokkurra tengsla við umhverfi sitt, þá sem þar bjuggu og drógu fram lífið. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis til að meta gildi menningarlandslagsheilda og verðmæti, það er helst í M.A. ritgerð Gísla Pálssonar í fornleifafræði: *Characterising Grímsnes- & Grafningshreppur: A Methodological Case Study* og í verkefninu *Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga*. Forrannsóknir til greiningar og mats á gildi landslags, unnar fyrir faghóp I, 3. áfanga Rammaáætlunar þar sem Gísli og Birna Lárusdóttir rituðu kafla um mat á menningarsögulegum þáttum landslags.⁶⁶ Þetta verkefni sem hér er kynnt byggir í grunninn á aðferðafræði þessara rannsókna og á hugmyndafræði sögulegrar landslagsgreiningar sem kom fram undir lok síðustu aldar.⁶⁷ Ein helsta breytingin sem hugmyndafræðin fól í sér er sú að stakir staðir voru ekki taldir nægja einir og sér sem forsenda þess að meta gildi og áhrif framkvæmda á umhverfi heldur verður að líta til stærri heilda.

Í þessu verkefni var ákveðið að horfa til sömu áherslna að hluta og árið 2016 við flokkunina. Þær eru:

„-Landslagið skiptist ekki upp í söguleg tímabil, heldur er allt landslagið hluti af samtímanum. Landslagið getur þó verið gætt tímadýpt og efnislegu minni.

-Fyrri landnotkun getur haft áhrif á núverandi landnotkun.

-Menningarminjar hafa allar landfræðilegt samhengi. Nauðsynlegt er að taka tillit til sögulegra korta og annarra gagna.“⁶⁸


Jafnframt var ljóst að ekki var hægt að notast við sömu flokka og í fyrri rannsóknum, svæðið sem hér til athugunar er mun stærra, minjarnar fleiri og landslagið gríðarlega ólíkt enda, róðurrýrt og hálent að stórum hluta. Hér er gerð tillaga að því hvernig flokka mætti allt landslag á hálendinu í þrjá meginflokka: búsetulandslag, óbyggðir og leiðalandslag. Þeir skiptast síðan í nokkra undirflokka eftir einkennum og minjum. Eins og gefur að skilja geta minjar fallið undir nokkrar skilgreiningar og flokkar skarast, það á við um t.d. minjar sem tengjast samgöngum og leitum sem eru nátengdir flokkar með ólík hlutverk.

Þetta er tillaga að flokkun en til að útfæra hana nánar þarf að einblína á tiltekin svæði. Skilgreiningarnar sem lagt er upp með, og þar byggt á fyrirbyggjandi þekkingu um minjar á hálendinu, eru eftirfarandi:

66 Gísli Pálsson. 2011; Birna Lárusdóttir o.fl. 2016.

67 Rippon, Stephen. 2012: 3-4.

68 Birna Lárusdóttir o.fl. 2016: 29.



Tillaga að flokkun landlags á miðhálandinu.

1. Búsetulandslag er skilgreint sem kjarnasvæði byggðar og nærumhverfið. Þetta eru svæði þar sem bæir hafa verið og úthagar eru í næsta nágrenni, þar sem byggð hefur getað þrífist og sjást stundum merki um (t.d. fornbylí). Í búsetulandslagi hafa athafnir mannsins yfirleitt skilið eftir sig mikil ummerki. Undir búsetulandslag falla nokkrir undirflokkar sem eru í jaðri miðhálandisins.
 - a) Blásið svæði með miklum byggðaleifum líkt og Krókdalur og Þjórsárdalur.
 - b) Grónir dalir og dalbotnar með með byggðaleifum sem teygja sig inn fyrir miðhálandismörk. Helstu minjar sem vænta má eru t.d. sel, beitarhús, stöku býli og fjárskýli.
 - c) Grónar heiðar með miklum byggðaleifum og beitarnytjum. Helstu minjar sem vænta má eru t.d. sel, beitarhús, byggðarleifar og fjárskýli.
 - d) Seljasvæði en þessi flokkur skarast oft við flokka b og c, oft þarf ítarlegar rannsóknir til þess að gera þennan greinarmun.

2. Óbyggð teljast þau svæði þar sem heilsársbyggð hefur að jafnaði ekki verið, litlar nytjar og athafnir mannsins yfirleitt ekki skilið eftir sig mikil ummerki. Óbyggð svæði eru oft á hálandari svæðum eða í jaðri þeirra en það er þó ekki algilt, t.d. flokkast gróðursnautt

hraun með takmörkuðum nytjum undir óbyggð. Meginflokkar í óbyggð eru eftirfarandi:

- a) Leitir á afmörkuðum landsvæðum. Minjar sem einkenna þessi svæði tengjast nýtingu miðhálandisins til sumarbeitar fyrir búfé og eru t.d. réttir, ból, fjárskýli, gangnamannakofar og manndómsraunir.
 - b) Nytjar voru sóttar upp á miðhálandið. Oft var það á svæðum sem í dag eru blásin en einnig var farið mun lengra inn á gróin svæði. Fólk sótti grös, eldivið og gerði til kola. Minjar sem einkenna þessi svæði eru t.d. kolagrafir og örnefni sem geta gefið vísbendingar um skógarnytjar og grasatýnslu.
 - c) veiðar voru mikilvægar á Íslandi og ljóst að sum þeirra svæða eru á láglandi meðan önnur eru innan miðhálandismarka. Í þessu verkefni er átt við fiskveiðar og gæsaveiðar en hægt að bæta við fleiri atriðum hér undir á láglandi, t.d. eggjatöku og dúntekju. Minjar sem hér falla undir, innan miðhálandisins, eru herslugarðar, veiðikofar, veiðistaðir og gæsaréttir. Dæmi um þetta eru Antarvatnsheiði, Veiðivötn og Þjórsárver.
 - d) Námur (brennisteinn, mór, silfurberg, surtarbrandur og hrafntinna) eru örfáar á miðhálandinu og á landinu öllu. Fyrir þessa vöru fékk hátt verð á 16.-17. öld og fólk lagði mikið á sig mikið erfiði til að nálgast þessi efni. Dæmi um slík svæði er Brennisteinsalda á Landmannaafrétti, Hrafntinnusker á Rangárvallaafrétti og Fremri-Námur í Mývatnssveit.
 - e) Útilegumenn eru minjaflokkur sem er nátengdur óbyggðum. Það hafa fundist umerki um útilegumenn og staðfesta að að á ýmsum tímum hafi menn lagst út og flúið til fjalla.
 - f) Auðnir eru gróðurlítill eða -laus svæði, hálfgerðar eyðimerkur þar sem lítið sem ekkert er vitað um ferðir og nytjar manna.
 - g) Þjóðsögur eru frásagnir sem lifað hafa í munnmælum mann fram af manni og gefa okkur innsýn inn hugarheim liðinna alda og góð dæmi um að fornleifar eru ekki einungis efnislegar. Þjóðsögur gefa okkur einnig vísbendingar um það hvar fólk fór um og svæðin sem það þekkti. Sumar þjóðsögur kunna að vera sprotnar af raunverulegum atburðum en aðrar geta hafa orðið til sem örnefnaskýringar.
3. Samgönguminjar finnast um allt land. Fólk hefur ferðast á milli staða frá upphafi byggðar héraendis, sumar leiðir eru örstuttar meðan aðrar liggja landshluta á milli og taka nokkra daga. Þetta er einnig sá flokkur sem skilið hefur eftir sig ein mestu ummerki um áhrif manna á miðhálandinu. Samgönguminjar hafa engu að síður verið lítið rannsakaðar og það


að umsvif manna skilji eftir sig og hafi áhrif á tilteknum svæðum. Undir þennan flokk falla t.d. vörður, áningarstaðir, vöð, brýr, kláfar, tjaldstæði, sæluhús, leiðir og vegir. Í þessu verkefni var einn undirflokkur hér undir:

- a) Leiðalandslag sem einkennist af löngum leiðum milli landshluta. Leiðirnar ráðast helst af bithögum fyrir hross og aðgengi. vörðum.

Yfirlit og tilraun til flokkunar

Eins og áður hefur komið fram er fyrra markmið þessa verkefnis að safna saman upplýsingum um hnitsetta minjastaði á miðhálandinu, vinna gögnin í landfræðilegum upplýsingakerfum, samræma eftir fremsta megni og leggja mat á gildi þeirra. Upplýsingum um tæplega 1050 minjastaði innan miðhálandismarka var safnað saman og möguleikar til greininga og framsetningar gagnanna eru fjölmargir. Ákveðin atriði komu strax í ljós við þessa vinnu og um leið hversu mikið vantar upp á allar grunnrannsóknir og aðgengi að gögnum um fornleifar á miðhálandinu. Helstu niðurstöður þessa hluta verkefnis eru sýnd á kortum.


Líkt og sést á korti 1 hér neðar er dreifing hnitsettra minja og um leið rannsóknarsvæða ójöfn þegar horft er á miðhálandið og sum svæði hafa ekki hlotið mikla athygli fornleifafraeðinga. Þessar eyður er ekki hægt að skýra með landslaginu einu saman. Greinileg skráningar- og



Kort 1: Yfirlit yfir alla hnitsetta minjastaði á miðhálandinu. Gráu línurnar eru sýslumörk.


framkvæmdaslagsíða kemur fram í gögnunum og í stuttu máli er meirihluti minjanna á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar eða hafa farið fram á síðustu 15-20 árum.

Áður hefur verið gerð tilraun til að sýna minjastaði á miðhálandinu. Í skýrslu Orra Vésteinssonar frá 1996 var heimildum safnað saman um tæplega 1200 minjar vegna svæðisskipulags miðhálandisins. Árið 1999 var hluti þeirra valinn sérstaklega og merktur inn á kort (sjá bls. 28) sem hluti af svæðisskipulagi miðhálandisins. Þótt kortið sé ekki nothæf heimild um raundreifingu minja á hálandinu gefur það engu að síður vísbendingar um hvar minjar gætu verið á svæðum sem ekki hafa verið skráð. Á korti 2 hér neðar eru þessi gögn sýnd saman og fylla að einhverju leyti eyðurnar á kortunum. Þarna eru vísbendingar um minjar á svæði eins og við Kjalveg, á Brúardölum og svæði austan Vatnajökuls. Eins og fyrr var bent á í þessu verkefni sýnir þetta kort fyrst og fremst fram á skort á rannsóknum á minjum á miðhálandinu.




Kort 2: Hnitsettir minjastaðir sjást sem rauðir punktar en staðirnir sem merktir voru inn á kort árið 1999 sjást sem gular stjörnur. ©Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands.

Á miðhálandinu er mun strjálari minjadreifing en á láglendari svæðum og áhrif af mannavöldum lítil, að gróðureyðingu undanskilinni líkt og áður var minnst á. Gróðurfar hefur gríðarlega mikil áhrif, bæði á nýtingu svæða sem og ferðir manna um þau. Þetta sést vel þegar innrauð loftmynd, (sjá kort 3) með hnitsettum minjastöðum er skoðuð. Grónasti hluti miðhálandisins er við jaðar miðhálandisins en stakar gróðurvinjar eru nánast án undantekninga hærra og lengra uppi á miðhálandinu. Gróðurvinjar valda því enn fremur umfram annað að landslagsflokkarnir skarast mikið á miðhálandinu, gróðurlendi er forsenda fyrir ferðum manna



Rúst í Ódáðahrauni sem ekki er nærri gróðri né rennandi vatni.
©Fornleifastofnun Íslands

vegna þess að þar er beit. Þannig getur t.d. minjasamsetningin í dalbotnum upp af láglandi verið fjölbreytt, þar geta verið sel, bústaðir, áningarstaðir og heiðlendi til beitar. Gróðurvinjar ættu að vera einn fyrsti staðurinn til þess að skrásetja minjar, flokka og kanna samhengi við nærliggjandi svæði. Fornar minjar í Fagradal, norðan Brúarjökuls, eru gott dæmi um slíka gróðurvin en minjar þar fundust fyrir um 10 árum. Þessar tóftir hafa ekki verið aldursgreindar en ástand og lag þeirra bendir til þess að þær séu fornar. Annar slíkur staður er hringlaga tóft í Ódáðahrauni, ekkert er vitað um tilgang eða hlutverk hennar. Langt er í




Kort 3: Hnitsettir minjastaðir sjást sem gulir punktar á innruaðri loftmynd. Gróin svæði eru rauð en græn svæði eru auðnir.

rennandi vatn og allan gróður frá tóftinni og ekki er vitað um þekktar leiðir í næsta nágrenni.


Eins og greint var frá í upphafi kaflans voru nokkrar áherslur hafðar til hliðsjónar við

greiningu gagnanna. Þegar þau atriði eru höfð í huga ásamt nýtingu svæða og tengslum við byggð á láglandi koma áhugaverðir hlutir í ljós. Á korti 4 eru hnitsettir minjastaðir sýndir ásamt öllum býlum sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703. Tengsl landslags og umsvifa mannsins eru áberandi. Í fyrsta lagi er greinilegt að þar sem dalir skerast inn í hálandisbrúnina eru minjar. Í öðru lagi virðist sem minjadreifingin sé þéttust við jaðar miðhálandisins og meðfram leiðum. Þegar fjær dregur þessum svæðum, þá fækkar minjum. Landslag, vatnsföll og gróðurfar hefur mikil áhrif á það hvert fólk fór og í kjölfarið skilja menn eftir sig ummerki á borð við mannvirki, þjóðsögur og örnefni. Landslagsfyrirbæri og staðir fá ekki nafn eða lýsingu fyrr en fólk þekkir þá. Þetta staðfestir tengsl milli ólíkra flokka og sýnir hversu nauðsynlegt er að skoða landslag og minjar heildrænt.



Kort 4: Hnitsettar minjar eru sýndar sem rauðir punktar en lögbýli á Íslandi árið 1703 eru gráu punktarnir. Gögn úr landfræðilegum grunni Gísla Pálssonar, sjá www.jardabok.com.

Þegar ákveðnir flokkar eru teknir til nákvæmari greiningar er hægt að greina einkenni svæða enn frekar. Samgöngur eru einn slíkur þáttur. Stór hluti hnitsettra minjastaða tengist samgöngum, þeir eru rúmlega 660 talsins af tæpum 1050 minjastöðum. Leiðir manna hafa mikil áhrif á minjadreifingu, við þær eru vörður, sæluhús, vegabætur, vöð og brýr svo að einhver dæmi séu tekin. Þegar samönguminjar eru sýndar á korti ásamt lögbýlum frá 1703 sést einnig hversu mikil áhrif dalirnir sem skerast inn á miðhálandið skipta úr þeim liggja nánast án




Kort 5: Hnitsettar samgöngumínjar eru sýndar sem grænir punktar en lögbýli á Íslandi árið 1703 eru gráu punktarnir. Gögn úr landfræðilegum grunni Gísla Pálssonar, sjá www.jardabok.com.

undantekningar leiðir. Einhverjar eru þjóðleiðir en aðrar eru líklega farnar í öðrum tilgangi t.d. í leitum, nytjum eða í óþekktum tilgangi. Mikilvægi leiðanna felst ekki síst í því að flestar tengja saman landshluta og gefa vísbendingar um hvaða umhverfi fólk þekkti.

Jarðhiti er víða á miðhálandinu og hefur hann án efa haft áhrif á ferðir manna. Á slíkum stöðum voru oft gróðurvínjar og því kjörnir áningarstaðir á ferðalögum milli landshluta. Jarðhitasvæði, ásamt gróðurvínjum, ættu því að vera einn líklegasti staðurinn til að finna mínjar. Það sést vel á korti 6 hér neðar, þar eru lág- og háhitasvæði og hnitsettar mínjar sýnd saman. Mínjar eru á stórum hluta heitra svæða á miðhálandinu með örfáum undantekningum og svo eru önnur svæði þar sem þessar upplýsingar eru ekki tiltækar.

Seinna markmið verkefnisins var tilraun til flokkunar á menningarsögulegum gildum og landnotkun á afmörkuðum svæðum og beita á þau flokkun sem áður var kynnt á bls. 33. Ákveðið var að einblína á tvö svæði á miðhálandinu þar sem tiltölulega mikið er til af nýlegum skráningargögnum. Ekki var talið mögulegt að skoða allt miðhálandið eins og staða þekkingar er í dag. Í skráningarskýrslum þessara svæða er ritað um helstu minjaflokka með einhverjum hætti, samhengi milli minja og byggðasögu en slík vinna er mikilvæg fyrir verkefni eins hér



Kort 6: Hnitsettar samgönguminjar eru sýndar sem grænir punktar, rauðu hringirnir eru háhitasvæði en svörtu punktarnir eru lágúhitasvæði. ©orkustofnun.is


er kynnt. Svæðin eru Hvítársíða í Mýrasýslu (það svæði sem nær inn fyrir hálandismörk) og afréttir Rangvellinga og Landsveitar í Rangárvallasýslu.

Frumniðurstöður á flokkun landslags verða sýndar á kortum sem munu bæði draga fram menningarsöguleg einkenni í landslagi miðhálandisins á sjónrænan hátt en einnig mun flokkunin verða grundvöllur til mats á menningarlegum verðmætum þessara svæða. Við úrvinnslu gagnanna í landfræðilegum upplýsingakerfum var fyrst og fremst stuðst við herforingjaráðskort danskra landmælingamanna frá fyrri hluta 20. aldar, ýmis landupplýsingagögn Landmælinga Íslands og þau skráningargögn sem safnað var saman í þessari vinnu. Gögnin sýna m.a. gróðurfar, vatnafar, hæðalínur og samgönguleiðir en minjarnar eru grundvallarheimildir um landnotkun og landshætti. Með þessum hætti var lagður grunnur að menningarsögulegri flokkun miðhálandisins.

Hvítársíða:

Fornleifar í Hvítársíðu voru skráðar árin 2004 - 2005 af Fornleifastofnun Íslands vegna vinnu við aðalskipulag og samtals skráðir tæplega 800 minjastaðir, bæði innan heimalanda jarða og á afrétti hreppsins. Af þeim eru 109 minjastaðir ofan miðhálandismarka en ekki er vitað hversu

margar einingar eru þar undir, vafalaust talsvert fleiri. Minjarnar voru flestar í um 400-450 m hæð.



Kort 7: Hnitsettar minjar innan miðhálandis í Hvitársíðu eru sýndar með rauðum punktum. Aðar minjar utan svæðis eru hvítar. ©Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands.


Byggðinni í Hvitársíðu er í daglegu tali skipt í þrennt: Krók, Miðsíðu og Niðursíðu en afréttarlandið nær upp á Arnarvatnsheiði. Landsvæði í Króknum er hið eina innan miðhálandismarka. Gróðurfar í Króknum er kjarrgróður, mosavaxið helluhraun, þéttur skógur og þarna er eitt grónasta svæði miðhálandisins. Í Hvitarsíðu er ekki er langt í stöðuga byggð frá jaðri miðhálandisins, býlið Kalmanstunga er til að mynda rétt utan miðhálandisins líkt og það er afmarkað í dag. Núverandi afréttarland var að stórum hluta í eigu Kalmanstungu, sem var ein stærsta jörð í sýslunni, en fé var fyrst rekið þar á afrétt um miðja 19. öld. Hreppurinn keypti landið undir lok 19. aldar og síðan hefur það verið afréttur. Þetta landsvæði var því í grunninn beitarrand en þangað var jafnframt farið til veiða. Svæðið er erfitt yfirferðar vegna vatnsfalla á köflum.⁶⁹ Ekki eru miklar eyðibygðir á eða við jaðar miðhálandisins á svæðinu. Mikil seljabyggð var hinsvegar þar og víða eru ummerki um sel frá bæjum í Hvitársíðu og þar eru mikil og góð beitolönd. Hafa ber í huga að ekki eru alltaf skýr skil á milli minja sem tengjast seljum og heilsársbúsetu. Það var ekki óalgengt að föst búseta væri reynd í seljum í lengri eða skemmri tíma.

Það sem einkennir þetta svæði frekar en önnur eru fjölmargar sagnir um útilegumannabyggð í og við Hallmundarhraun. Hleðslur og fleiri minjar er m.a. að finna í Surtshelli, Víðgelmi, Beinaholu og Franshelli. Í hrauninu í Króknum leynast hellar, hlaðin aðhöld úr hraungrýti, tófugildirur og fjölmargar vörður sem oft marka einhverjar af þeim fornu leiðum sem lágu yfir hraunið og hafa hér og þar sorfið upp úr því. Á Arnarvatnsheiði er fjöldi sæluhúsa,

69 Göngur og réttir. II: 1984: 330-331.

leitarmannakofa, veiðikofa og réttarústa. Þar er einnig fjöldi varða sem marka fornar leiðir yfir heiðinna auk ýmissa annarra minja. Leiðir eru meðal annars Skagfirðingavegur um Stórasand, Grímstungaheiðarvegur og Núpdælagötur.⁷⁰ Það er ljóst að þetta er svæði á mörkum byggðar og hálendis, þarna blandast saman nýting þess sem beitilands, leiðalandslags og seljasvæðis. Það eru skörp skil í minjadreifingu við sýslumörk Vestur-Húnavatnssýslu og án efa er mikið af minjum á Arnarvatnsheiði sem enn á eftir að hnitsetja og skoða á vettvangi þar en mikið skortir á skráningu í Húnavatnssýslum.

Það eru greinileg skil í landslagi og nýtingu þess sem stjórnast af gróðurfari að mestu, minjarnar þræða gróin svæði norðan við hraunbrún Hallmundarhrauns en hraunið sjálft er lítið annað en auðn. Þannig eru miklar andstæður á milli hraunsins og gróinna svæða. Hér sést einnig greinilega hversu strjálmi minjadreifingin er samanborið við láglendari svæði, skráðar minjar á láglendi eru hvítir punktar. Það sést einnig að gömlu þjóðleiðirnar voru ekki raktar þegar svæðið var skráð, enda heyrir til undantekninga að það sé gert í skráningarvinnu en það er oft gríðarlega tímafrekt verk. Þegar kemur að því að leggja mat á gildi landslagsins og minjanna hefði það verið ómetanlegt og bætt við miklu af upplýsingum. Þetta er svæði sem hafði margvísleg hlutverk, er eitt hið grónasta innan miðhálandismarka sem hefur mikil áhrif á nýtingu landslagsins. Líkt og við var að búast er mikil skörun hér á milli flokka enda tiltölulega stutt síðan svæðið varð



Kort 8: Tilraun til flokkunar menningarlandslags í Hvitársíðu.

afréttur. Samgöngur hafa hins vegar verið hér allt frá fyrstu öldum byggðar en sá mikli fjöldi útilegumannabústaða sem hér er bendir til þess að ekki hafi verið fjölfarið á þessu svæði, a.m.k. ekki á austurhluta þess.

Auðnir

Það er almennt talið að bændur hérlendis hafi haft í seli frá fyrstu tíð og selfarir voru fastur liður í búskap allt fram á 17. eða 18. öld.⁷¹ M.a. er ritað um sel í Kjarrárdal, ofan Hvítarsíðu í Heiðarvígasögu⁷² og landslagið í jaðri miðhálandisins sýnir án efa vel landnýtingu og ummerki um seljabúskap fyrri alda, mögulega allt frá fyrstu öldum byggðar. Það er erfitt að greina á milli flokkanna gróinna heiða, seljabyggðar og ummerkja um leitir á svæðinu. Þeir skarast mikið og hér þarf betri rannsóknir til þess að að greina á milli þessara flokka. Minjar á þessu svæði eru að mestu úr þremur flokkum, grónum heiðum, leitum og seljasvæðum. Það kom einnig fram sterk fylgni milli leiðalandslags og leita, minjar sem tilheyra báðum flokkum eru á sömu svæðum og hefur þar gróðurfar mikið að segja enda þurftu menn að treysta á beit fyrir hross og annan búsmala auk þess sem féð hefur fyrst og fremst haldið sig á grónum svæðum.

Byggðaleifar í grónum dalbotnum:

Á tveimur svæðum eru þekkt býli, innst í Hvítarsíðunni. Þessi svæði eru í jaðri miðhálandisins og á þeim eru t.d. bæjarstæði, túngarðar, útihús og aðrar minjar sem búast má við nærri bæjum. Þetta eru svæði sem bera merki um forna byggð sem var fremur skammvinn eða svæði sem voru stundum í byggð um tíma en í eyði þess á milli.

Seljalandslag

Vestast á svæðinu, þar sem land hækkar ofan við stöðuga byggð er skýrt afmarkað seljasvæði. Svæðið er mjótt og þar eru nokkur sel frá bæjum í Hvítarsíðu sem raðast í beina línu. Það eru hvergi garðlög, fleiri rústir eða túnstæði umhverfis selin. Ekki eru vísbendingar um að svæðið hafi verið nýtt til nokkurs annars þótt ekki sé útilokað að einhvern tíma hafi verið reynd heilsársbyggð.

71 Orri Vésteinsson. 1996: 43.

72 ÍF III: 283-84.

Leiðalandslag

Þjóðleiðir hafa alltaf legið vestan við Hallmundarhraun en umferð um hraunið sjálft var líklega ekki mikil. Eins og við var að búast er mest þéttni samgönguminja nærri vegslóða sem merktur er á herforingjaráðskortið en er hér teiknaður upp. Það er einnig ljóst að samgönguminjar eru vanskráðar á vettvangi, það er gríðalega tímafrekt og kostnaðarsamt að ganga þjóðleiðir. En um leið er það mikill ókostur þegar kemur að því að leggja mat á gildi landslags. Það er erfitt að afmarka áhrifasvæði samgönguminja en margir þættir hafa áhrif á það hvert fólk fór og hvert það komst. Þetta eru hlutir líkt og gróðurlendi, vatnafar og jarðfræði en það sem er sýnilegt út frá miðlínu leiðanna getur líka skipt máli. Hér þarf að skoða atriði líkt og kennileiti og örnefni sem hafa orðið til á ferðum manna og almennt séð landslag sjónlínu þegar ferðast er um. Áhrifasvæði leiðalandslags var haft 5 km breitt og þar miðað við dreifingu þekktra minja út frá leiðum og breidd gróðurlendis. Þetta þarfnast frekari rannsókna en væntanlega er áhrifasvæði leiða þrengra eftir því sem minna landrými er og landslag óaðgengilegra.

Útilegumenn

Hin mikla útilegumannabyggð í Hvítarsíðu vekur áhuga ekki síst vegna nálægðar við efstu bæi sem þar voru í byggð og þekktar þjóðleiðir. Í einhverjum tilvikum eru einungis nokkrir kílómetrar í bæina og þjóðleiðir. Ummerki um útilegumenn raðast þar í hraunjaðarinn, ekki langt frá grónu svæðunum og minjarnar hafa sumar hverjar verið aldursgreindar til 10. aldar. Þar sem minjar um útilegumenn er að finna á grónum, láglandari svæðum eru það í öllum tilvikum þjóðsögur sem greina frá vígi þeirra eða átökum á milli bænda og þeirra. Hvergi annarsstaðar, svo vitað sé, er álíka svæði innan miðhálandisins.


Auðnir

